

## FÓLK Í FRÉTTUM

Fabrice Hybert á Íslandi

## Veira sem eittrar samfélagið

Hinn 19. apríl verður opnuð í hinu nýbakaða Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu sýning, og vonandi skemmtileg sýning, á verkum hins franska furðufugls, Fabrice Hybert. Unnar Jónasson komst að því að hann Fabrice er enginn venjulegur franskur listamaður.

HANN Fabrice er sko enginn venjulegur franskur listamaður, alla vega ekki þessi með alþáfu á hausnum og tilbúinn til að drepa sig fyrir listina! Eða hvað?


Hann hefur verið að síðustu 20 ár og gert alls konar skandala og skammarstrik og líkir sjálfum sér helst við veiru sem er að eittra samfélagið eða þannig heldur hann allavega að aðrir sjái sig. Hann berst nefnilega gegn meðalmennsku og stefnir alltaf hærra og hærra með listinni og lítur á sig sem einhverskonar lauslætisdros sem á sér engan samastað innan listastefna.

Hans básúna blæs útúr sér allskyns predikunum en þær eru flestar um skynjanir og tilfinningar og eru helstu vopn Fabrice í baráttunni við leiðinlega myndlist. Sína eigin leiðinlegu myndlist! Hann vill fjárfesta í

hlutabréfum og þau eiga að vera í vinskapa, gleði, skemmtun og þrám manneskjunnar því í þeim er innstæða sem býður upp á þann möguleika að vera róttækur án þess að vera alvarlegur og þunglamalegur.

## Gróðursetti vínþrúgur

Fabrice var fulltrúi Frakka á Fenejjarvísingnum (Biennale), Óskarsverðlaunum myndlistarinnar 1997. Markmið hans með verkinu í franska skálanum í Fenejjum var að breyta skálanum í n.k. líkama sem væri á lífi. Hann bauð fólki að borða nestið sitt inni í skálanum og horfa á upptökur sem höfðu verið gerðar upp úr sjónvarpi. Einnig notaði hann skálann til að safna upplýsingum um þau lönd sem ekki voru þátttakendur í Tvísingnum og þannig fengu þau uppreisn æru. Svo gróðursetti hann líka vínþrúgur í kringum skálann, svona til að gera hann hlýlegri. Kom hann sá og sigraði með verkið sitt og setti franska myndlist aftur inn á kortið eftir u.þ.b. fimmtíu ára doða.



Fabrice útskýrir verk sitt á Fenejjar-Bienalnum.



Hypertmarkaðurinn í Listasafni Parísar þar sem allt er til sölu.

Sýningin, sem verður opnuð núna

í Reykjavík, er samstarf fjögurra safna og er nýja safnið hluti af því samstarfi.

„Ég hélt einu sinni að stórmarkaðir væru ný tegund af söfnum,“ sagði Andy Warhol og þetta tekur Fabrice

sem heilagan sannleik og hefur stofnað sinn eigin Hybertmarché eða nokkurs konar Hybert-markað. Þetta var einmitt nafnið á sýningu sem hann hélt í listasafni Parísarborgar 1995. Því þarf fólk kannski ekki lengur að setja sig í stellingar þegar það labbar inn á listasöfn í París eða Reykjavík. Kannski eru listasöfn þá orðin eins og miðlungs góðir stórmarkaðir þar sem allt er til sölu og allt veraldlegt. Listamaðurinn er farinn af stallinum og segir bara: „Hæ, gerum eitthvað skemmtilegt!“ Fabrice er alltaf að fjalla um lífið sjálft og það sem það hefur uppá að bjóða. Þá þarf bara að finna út „hvað hefur lífið upp á að bjóða?“ Kannski komumst við að því 19. apríl. Sýning hans í nýjasta menningarstolti Reykjavíkurborgar verður því vonandi kröftug sprenging sem nær að hrusta upp í sem flestum.

## Listasíður á Netinu

## Myndlist.is

LIST á Netinu hefur aukist mjög mikið síðustu árin og nú er enginn listamaður með mönnum nema hann hafi að minnsta kosti eitt listaverk einhvers staðar á Netinu. Vandamálið er samt að erfitt getur verið að nálgast listina því hún er einhverstaðar innanum allt hitt sem þú vilt ekket vita um. Öll íslensku söfnin eru með heimasíður og þar er hægt að skoða dagskrána yfir árið og fleiri áhugaverða hluti en svo eru listamenn með ýmis sérverkefni á Netinu og þau eru oft mjög skemmtilegt. Listasafn Íslands verður með stafræna sýningu sem opnuð verður 20. maí og þá verða þeir kannski komnir með einhverja „Netlist“ inná safnið en engar upplýsingar eru til þar um íslenskar vefsíður eða íslenska listamenn með verk á Netinu.

En hér skal bent á nokkrar síður sem vert er að athuga. Sumar síðurnar eru kannski ekki mjög áhugaverðar en þær hafa kannski skemmtilegar krækjur þ.e. links, sem gaman er að fara í gegnum.

## Listasíður á Netinu

www.nylo.is/  
www.hlemmur.is/  
www.simnet.is/guk/  
artak.art.is  
www.umm.is/  
www.hi.is/~tbth/gulp  
users.forthnet.gr/the/hlin/  
mjolk  
www.takesyou.to/entryoint/  
baldur.com  
rvik.ismennt.is/~hlynur/  
www.takesyou.to/remotep-laces/

PORGEIR Guðmundsson er að ljúka mastersnámi í kvikmyndaleikstjórn við Columbia University í New York. Hann er reyndar staddur hér á landi þessa dagana að hljóðsetja heimildarmyndina „Erró: norður, suður, austur, vestur“ en Toggi, eins og hann er kallaður, sá um kvikmyndatökuna og klippingu myndarinnar, sem hann vinnur með félögum sínum, Ara Alexander Ergis Magnússyni og Óttari Proppé.

## Meiri myndræn hugsun

„Ég tók BFA í kvikmyndagerð í San Francisco í listaháskóla með kvikmyndadeild. Það nám var í almennt kvikmyndagerð og núna er ég að sérhæfa mig í leikstjórn, en hef líka tekið þó nokkra kúrsa í handritaskrifum.“

– Er ekki mikill munur á þessum skólum?

„Mjög mikill. Skólinn í San Francisco er lítill listaskóli og mjög mikil tilraunastarfsemi í gangi í kvikmyndadeildinni og ekkert verið að spá í frásagnarhætti. Þar er miklu meiri myndræn hugsun í gangi og gengið út frá myndrænni tjáningu. Eiginlega lítið á bíf sem lifandi málverk. Það hentaði mér mjög vel þegar ég fór þangað níttján ára gamall.“

Síðan kom ég heim í harkið og til þess að koma mér út úr því fór ég aftur í skóla,“ segir Toggi og hlær. „Mann langar auðvitað frekar að gera bíómyndir en sjónvarpsefni.“


– Er Columbia ekki jarðbundinn skóli fyrir kvikmyndagerðarfólk?

„Já, þetta er frekar undarlegur „kampus“ fyrir Manhattan að vera. Byggingarnar eru í grískum stíl og nöfn Hómers, Platóns og Aristótelesar á veggjunum,“ segir Toggi og hlær við tilhugsunina. „Þetta er hæsti punkturinn á Manhattan og maður horfir yfir hverfið mitt, Harlem, sem er við hliðina.“

## Spila inn nýja vinkla

– Að hverju ertu að vinna núna?  
„Núna er tveggja ára stífu kúrsatímabili lokið, þar sem mikið var sett

## Bíó og lifandi málverk



Óttarr Proppé, Þorgeir og Ari Alexander við opnun málverkasýningar Errós Jeu de Paume í París.

fyrir, þannig að ég er frjálsari og er að skrifa handrit og vinna tvær stuttmyndir sem verða lokaverkefni mitt. Námið hefur meira og minna falist í því að gera stuttmyndir sem verkefni og æfingar en þetta eru svona alvöru lokamyndir.“

– Um hvað eru þær?

„Ég get eiginlega ekki sagt það eins og er. Ég er búinn að skrifa nokkur handrit en þau hafa legið í dvala meirihlutann af þessu ári. En eftir Erró-myndina ræðst ég almennilega í þetta.“

– En á hvernig kvikmyndum hefurðu áhuga?

„Mig langar að gera vestra, spennumyndir og noir-myndir. Mig langar að spila nýja vinkla inn í „genre“, kvikmyndastíla ýmsa. En stuttmyndir eru meira ein hugmynd og þá er minna hægt að fara út í þannig þælingar.“

– Ertu óðrúvisu þar sem þú ert

með bakgrunn úr listaskóla?

„Fólk er meira úr bókmennta- og leikhúsumhverfi. Skólinn var áður fyrst og fremst þekktur sem besti skólinn fyrir handritaskrif í landinu. En síðustu 10–15 ár hefur leikstjórnardeildin sótt mjög mikið í sig veðrið, og margir finir leikstjórar sem hafa komið þaðan. Eins og James Mangold sem gerði Copland. Paul Thomas Anderson var þarna, sem gerði Boogie Nights og Magnolia, en hann hætti reyndar.“

## Erró hefur áhrif

– Er ekki gaman að vera kvikmyndanemi í New York?

„Það er frábært að hafa aðgang að öllu. Það er óþarfi að láta sér leiðast í New York,“ segir Toggi og hlær. „Þú verður að hafa þetta eftir mér.“

– Ég lofa því.

„Það er samt ekki hægt að sjá allt.

„Idioterne“ eftir Lars von Trier átti erfitt með að komast í dreifingu hér, en það tókst. Hér í Reykjavík fáum við að sjá slatta af skandinavískum og evrópskum kvikmyndum sem er fínt, en hins vegar kemur hingað mjög lítið af góðum óháðum kvikmyndum frá Ameríku. Það er fullt af þeim í New York og svo eru auðvitað bíó sem sýna klassískar kvikmyndir, og eru með dagskrár og alls konar hátíðir stöðugt í gangi. Ég hef reyndar ekki mikinn tíma til að fara í bíó út af náminu, en þegar ég var í San Francisco vann vinur minn í svoleiðis kvikmyndahúsi og við vorum þar stöðugt og sáum allar myndir.“

– Er verið að bralla eitthvað fyrir utan skólann?

„Já, við erum nokkrir sem höldum hópinn og erum að gera góða hluti, erum með „plott“ í gangi,“ segir Toggi dulur.

– Er það leyndarmál?

„Ég veit það ekki. Þetta er svona samvinnuverkefni. Við erum þrír leikstjórar og erum að koma saman áætlan um hvernig við ætlum að sigra heiminn!“ segir Toggi og hlær. „Undirtóninn í þælingunum er að vera með fjármögnunar- og dreifingarpakka fyrir myndirnar sem við ætlum að gera.“

– Hvernig fannst þér að koma heim að vinna þessa mynd?

„Það er búið að vera algjör geðveiki. Tæknin að stríða okkur og svona, sem þýðir tímahrak. Annars mjög fínt, þetta er góð mynd. Erró sjálfur er mjög inspirerandi fyrir mig í mínum hlutum. Hvernig hann vinnur að myndlist; viðar að sér efni, klippir það saman og sér eitthvað nýtt út úr því.“

– Ætlarðu að flytja heim þegar skólinn er búinn?

„Ég er mjög opin fyrir því að halda áfram að vera á báðum stöðum. Það verður fínt að mæta hingað og gera eitthvað, en hverfa samt reglulega,“ segir Þorgeir og tekur til við að basla við klippitölvuna sem er eitthvað að stríða honum.